

Skipulagsstofnun  
Hólmfríður Bjarnadóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 16. desember 2016  
UST201612-014/B.S.  
10.05.08

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hólsvirkjun – Fnjóskadalur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að virkja Hólsá og Gönguskarðsá í utanverðum Fnjóskadal. Byggðar verða stíflur í ánum í 315 m hæð. Ráðgert er að stífla í Hólsdal allt að 150 m langa stíflu. Gert er ráð fyrir steyptri stíflu og inntaki í farveginum allt að 30 m að lengd og með allt að 7 m háu yfirfalli. Mesta hæð steypta stífluveggja verður 9 m. Við hvorn enda stíflunnar verða byggðar jarðvegsstíflur og verður krónuhæð þeirra allt að 10 m yfir ábotni.

Stífla í Gönguskarði verður um 70 m að lengd með steyptu inntaki og yfirfalli. Mesta hæð stíflu verður 4 m.

Frá stíflu í Hólsá verður lögð 2.050 m löng aðrennslispípa að jöfnunarþró austan við Sjónarhól í 310 m hæð. Þaðan verður lögð 2.700 m löng þrýstipípa að stöðvarhúsi austan þjóðvegar, frárennsli verður leitt undir þjóðveg og neðan hans í opnum skurði út í Fnjóská um 100 m leið. Frá stíflu í Gönguskarði verður lögð 1.250 m löng aðrennslispípa sem tengist aðrennslispípu frá Hólsá miðja vegur milli Hólsárstíflu og jöfnunarþróar vestan Hólsár. Alls verða pípur og skurðir rúmlega 6.000 m að lengd.

Ráðgert er að leggja um 5 km af vegum meðfram pípum og sem aðkomuvegi að stíflum. Ráðgert er að opna nokkrar námur vegna framkvæmdanna, en námusvæði hafa enn ekki verið skilgreind. Fyrirhugað er að taka efni í jarðvegsstíflur innan lónstæðis.

Fram kemur í greinargerð að bæði lónin og pípurnar að Hálsi yrðu lagðar yfir óraskað land. Fram kemur í greinargerð að við framkvæmdina verður raskað votlendi 2 ha eða stærri sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að því er talið er á einu svæði en nokkur óvissa virðist ríkja um stærð votlendis á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Fram kemur í greinargerð að farvegur Hólsár og Gönguskarðsár verður að mestu þurr fjóra mánuði ársins. Óvist er hvaða áhrif breytt rennsli mun hafa á lífíki árinnar og þær fuglategundir á válista sem talið er að verpi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en þar er um að ræða gulönd og straumönd. Einnig er óvist hver áhrif rennslisbreytinga verða á bakkagróður, en skv. 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal leitast við að viðhalda bakkagróðri við ár og vötn.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um að ræða framkvæmd þar sem raskað verður svæði sem til þessa hefur verið lítt snortið af mannvirkjagerð. Stofnunin telur hæpið að telja troðninga sem nú þegar er að finna á hluta svæðisins til mannvirkja. Lagðir verða vegir um land sem á vissum svæðum kallar að líkindum á talsverðar skeringar og fyllingar sem mun hafa neikvæð sjónræn áhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda á að umræddir vegir verða að bera talsverða þungaflutninga þar á meðal steypubíla þannig að hér verður um vegi að ræða þar sem gerðar verða kröfur til láréttar og lóðréttar legu veganna. Einnig getur skapast hætta á úrrennsli þar sem vegur verður lagður meðfram þrýstipípu. Umhverfisstofnun bendir á að umfjöllun um efnistöku og mannvirkjagerð er af skornum skammti, t.d. er ekki gerð grein fyrir athafnasvæðum við stíflur, en þar verða talsverð umsvif vegna steyptra mannvirkja. Ekki er gerð grein fyrir framkvæmdum við jöfnunarþró.

Litlar upplýsingar er að finna um útlit þeirra mannvirkja sem ráðgert er að byggja.

Nokkur óvissa virðist vera um stærð votlendis sem fyrirhugað er að raska en skv. 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber að forðast að raska vistkerfum, þ.m.t. votlendi, s.s. hallamýrum sem eru 2 ha að flatarmáli eða stærri nema brýna nauðsyn beri til. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir stærð votlendis sem raskað verður og til hvaða leiða verði gripið til að koma í veg fyrir rask á þeim vistkerfum sem njóta verndar skv. lögum.

Umhverfisstofnu telur með hliðsjón af ofangreindum atriðum líklegt að umrædd framkvæmd gæti haft umtalsverð umhverfisáhrif í fór með sér og sé því háð mati á umhverfisáhrifum. Takmarkaðar upplýsingar ligga fyrir um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Hólsár og Gönguskarðsár, áhrif á votlendi, áhrif á bakkagróður og áhrif á landslag og sjónræn áhrif.

Umhverfisstofnun vill enn fremur benda á að meðal markmiða laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Umhverfisstofnun telur að í því tilviki sem hér um ræðir þurfi að skilgreina framkvæmdina betur, möguleg umhverfisáhrif hennar og til hvaða mótvægisáðgerða sé unnt að grípa til að draga úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar.

#### Virðingarfyllst

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

A. Birna Guttormsdóttir  
Adalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymissjóri